


Ársreikningur 2018



Efnisyfirlit

	bls.
<i>Áritanir</i>	2-4
<i>Rekstrarreikningur</i>	5
<i>Efnahagsreikningur</i>	6-7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hlutaðeigandi

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SOS barnaþorpanna fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og sundurliðanir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi raunhæfa mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018. Hann sé í samræmi við lög, samþykktir félagsins og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð SOS barnaþorpunum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi SOS barnaþorpanna. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega víska er er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda - framhald

Endurskoðun okkar byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:


- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi raunhæfa mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggtrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.


Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 27. maí 2019

BDO ehf.



Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi



Guðmundur Jens Þorvarðarson
endurskoðandi

Áritun stjórnar

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri SOS barnaþorpa staðfesta ársreikning þennan fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Kópavogi, 27/5 2019

Þrispan Þorbjörnsson

María Rúnarsdóttir

Ólafur Ólafsson

Framkvæmdastjóri:

Ragnýr Einarsson

Rekstrarreikningur ársins 2018

	2018	2017
Framlög:		
Framlög styrktarforeldra	kr. 419.807.592	380.852.438
Gjafir til barna frá styrktarforeldrum	" 12.640.699	11.745.858
Fjölskylduvinir, mánaðarleg framlög	17.708.048	11.746.385
Frjáls framlög og ýmsar fjáraflanir ..	76.065.434	98.390.183
Fyrirtækja og stofnanaframlög	" 17.763.516	16.547.061
Erfðagjafir	10.000.000	37.881.889
Opinber framlög	19.380.153	12.443.000
Húsaleigutekjur	" 1.937.896	1.860.000
Vaxta- og fjármagnstekjur	" 43.081.805	27.941.678
	kr. 618.385.143	599.408.492
Útgjöld:		
Framlög til Barnaþorpa	kr. 356.836.449	323.724.572
Gjafir til styrktarbarna	" 12.640.699	11.745.858
15% umsýslugjald	" 62.971.143	57.127.866
Stuðningur v/verkefna	" 22.484.491	16.572.415
Opinber ráðstöfun til verkefna	" 19.380.153	13.535.114
Frátekið fyrir framtíðarverkefni ..	" 67.000.000	90.381.889
Tilkostnaður v/fjáraflana	" 19.455.151	19.843.711
Rekstur fasteignar	" 2.310.294	3.494.259
Laun og launatengd gjöld	" 38.993.118	35.415.410
Kynningar- og markaðsmál	" 6.644.105	13.558.914
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ..	" 4.192.197	9.292.910
Þjónustugjöld banka og greiðslukorta	" 1.201.733	1.163.621
Afskriftir	" 3.323.302	2.742.302
	kr. 617.432.835	598.598.841
Afgangur	kr. 952.308	809.651

Efnahagsreikningur

Eignir:	Skýr.	2018	2017
<i>Fastafjármunir:</i>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteign	kr.	27.434.674	23.058.008
Áhöld og innbú	"	3.924.560	3.919.528
<i>Fastafjármunir samtals</i>	kr.	31.359.234	26.977.536
 <i>Veltufjármunir:</i>			
Óinnheimtir styrkir	kr.	1.179.610	40.527.916
Handbært fé	"	526.748.836	411.844.270
<i>Veltufjármunir samtals</i>	kr.	527.928.446	452.372.186
 <i>Eignir samtals</i>	kr.	559.287.680	479.349.722

31. desember 2018

	2018	2017
Skuldir og eigið fé:		
<i>Eigið fé:</i>		
Óráðstafað eigið fé	kr. 232.067.964	145.845.457
<i>Eigið fé samtals</i>	kr. 232.067.964	145.845.457
<i>Skuldir:</i>		
Neyðarsjóður KDI	kr. 30.117.604	30.117.604
Varasjóður	" 35.874.773	35.874.773
SOS Vínarborg	" 34.856.064	115.955.193
Lánadrottinnar ofl.	" 8.964.454	7.792.518
Frátekið v/verkefna	" 143.764.177	143.764.177
<i>Skuldir samtals</i>	kr. 253.577.072	333.504.265
<i>Skuldir og eigið fé samtals</i>	kr. 485.645.036	479.349.722

